



## 2. stjórnarfundur LH

Haldin í Laugardal 2. desember 2014 og hófst hann kl. 16

Fundinn sátu:

Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eyþór Jón Gíslason, Jóna Dís Bragadóttir, Haukur Baldvinsson, Stella Björg Kristinsdóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, aðalstjórn. Helga B. Helgadóttir, S. Rúnar Bragason, Rúnar Þór Guðbrandsson, Hrönn Kjartansdóttir, varastjórn.

Fundurinn var einnig sendur út á Lync og hafa þá fundarmenn kost á að taka fundinn í gegnum tölvu.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

### Dagskrá:

#### 1. Afrekssjóður.

Jóna Dís kynnir umsókn í afrekssjóð sem send var inn í síðustu viku. Aðrar styrkumsóknir ræddar þar á meðal styrkumsókn í þróunarsjóð sem þarf að fara að vinna.

#### 2. Trec

Formaður fór yfir stöðu Trec á Íslandi. Fyrirhugað er að fá erlendan aðila til að koma til landsins til að kenna, þjálfa og dæma þessa keppnisgrein. Allir fundarmenn taka vel í Trec verkefnið og vilja að haldið verði vel utan um það. Andrea Þorvaldsdóttir tekur að sér að halda utanum verkefnið fyrir hönd stjórnar.

#### 3. Staða í nefndum LH

Jóna Dís fór yfir stöðu nefnda þar sem hún hefur unnið að því síðustu daga að heyra í nefndarmönnum sem hafa settið í nefndum á vegum Landsambandsins og kannað hug þeirra til áframhaldandi setu. Vel hefur gengið að manna nefndirnar og ávallt er einn tengiliður stjórnar í hverri nefnd sem kemur úr aðalstjórn eða varastjórn. Jóna Dís fór yfir hverja nefnd fyrir sig og gerði grein fyrir stöðu þeirra. Ákveðið var að ný nefnd væri stofnuð til að halda utan um Hestadaga, svokölluð Hestadaganefnd. Jóna Dís heldur áfram að vinna að nefndarskipan fram að næsta stjórnarfundu.



#### 4. Knapavalsnefnd.

Stella, formaður knapavalsnefndar fór vel yfir stöðu nefndarvinnunnar. Einn fundur hefur verið haldinn og var vel unnið á þeim fundi. Annar fundur verður boðaður fljótlega nú í byrjun desember.

#### 5. Fjármál.

Ólafur Þórisson gjaldkeri LH fór lauslega yfir fjárhagsstöðu Landsambandsins. Það kom fram að L.H er eigandi að einkahlutafélaginu Skógarhólar ehf. Umræður urðu um hvort það væri rétt að vera með hlutafélag um Skógarhóla þar sem töluverður kostnaður er af því að vera með hlutafélag. Gjaldkeri tók að sér að fara vel yfir málið. Einnig kom fram að endanlegt uppgjör landsmóts verður ekki klárt fyrr en um áramót.

Formaður ásamt gjaldkera áttu fund fyrr um morguninn með Bændasamtökunum og kynntu fyrir fundarmönnum að verið er að setja disk í sölu með hápunktum frá Landsmóti 2014. Einnig er annar diskur á lokastigi sem kemur í sölu fljótlega en á honum er kynbótahlutinn frá Landsmóti 2014.

#### 6. Landsmót 2016.

Formaður fór lauslega yfir aðdraganda og stöðuna á staðarvali Landsmóts 2016. Samþykkt var tillaga á 59. Landsþingi hestamanna sem var svo hljóðandi:

„59. Landsþing Landsambands hestamannahaldið, haldið á Selfossi 17. Og 18. Október 2014, beinir því til stjórnar Landsambands hestamanna að koma fram af þeim heiðarleika sem hestamönnum ber að sýna og standa við þá ákvörðun sem tekin var að loknu formlegu umsóknarferli um staðarval Landsmóts hestamanna árið 2016, og ljúki samningarviðræðum ef hægt er við Gullhyl um mótið.“

Formaður, varaformaður og ritari LH áttu góðan fund með stjórn Gullhyls ehf. síðastliðinn föstudag. Fyrir liggur á fundinum erindi frá stjórn Gullhyls þar sem félagið óskar eftir því að landsmótsstaður vegna Landsmóts 2016 verði færður frá Vindheimamelum til Hóla í Hjaltadal. Allir stjórnarmenn tóku til máls vegna erindisins og fór svo að stjórn Landsambands hestamannafélaga samþykkti samhljóða að verða við beiðni Gullhyls ehf. um breytt staðarval á Landsmóti hestamanna 2016. Fyrirhugaðir samningar miðast við þá staðsetningu. Samþykktin er með þeim fyrirvara að Gullhylur sendi staðfestingu þess efnis til LH, frá mennta- og menningarmálaráðherra og sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir 22. desember 2014.



Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 20:00